LISTIR



Sjón og skynjun áhorfandans er í aðalhlutverki í innsetningu Ólafs, Sjóndeildarhringur athafna þinna.

hringurinn er einnig myndlíking fyrir hugmyndaheim okkar, sýn okkar takmarkast við sjóndeildarhring okkar í yfirfærðri merkingu. Í verkinu Reykjavík, myndröð, á sér einnig stað viss skrásetning þar sem áhorfandinn getur skemmt sér við að skoða myndirnar eftir stærð, lögun og viðfangsefni og fundið þannig út skrásetningarkerfi það sem listamaðurinn hefur notað við uppsetningu og gerð þeirra.

Smáheimurinn

Annars konar skrásetning á sér stað í rými því sem Ólafur sýnir og inniheldur líkön af mörgum verka hans eða mögulegum verkum. Hér kemur fram rannsókn á formum og eiginleikum þeirra, möguleikum speglunar og skuggamynda, ýmis atriði sem Ólafur notar gjarnan við gerð verka sinna. Aftur verður tilfinningin um endurreisnarmanninn sterk, listamaðurinn birtist sem eins konar vísindamaður á rannsóknarstofu sinni.

Í næsta rými er svo áhorfandinn algjörlega í aðalhlutverkinu en þar hefur verið komið fyrir leikföngum sem sýningargestir geta sett saman að eigin vild og búið til margvísleg líkön. Leikföng af þessum toga eru notuð við stærðfræðikennslu. Það verður gaman að sjá hvað mun verða til í þessum sal, það sem núna er að mestu leyti hrúga af plasthlutum mun vaxa upp í alls kyns turna og líkön á næstu tveimur mánuðum.

Fjölbreytt heild

Af ofanskráðu má sjá að sýningin í heild er fjölbreytt og býður upp á skemmtilegar upplifanir. Verk Ólafs hafa lag á því að kalla fram margvíslegar vangaveltur og vekja fólk til umhugsunar um leið og þau eru hrein sjónræn upplifun og skemmtun. Hafnarhúsið fylgir stefnu Ólafs mjög vel eftir með því að bjóða upp á margvíslegt jaðarefni, listsmiðjur fyrir alla fjölskylduna, listamannsspjall og fyrirlestra. Þetta jaðarefni er sérstaklega skemmtilegt og fræðsludeild safnsins til mikils sóma, hér kemur loksins fram starfsemi sem er í takt við starfsemi safna erlendis, safnið kemur fram með spennandi og skemmtilegt efni fyrir almenning og ekki síst fyrir börn, listamenn og listneytendur framtíðar.

Það er ástæða til að gleðjast vegna þessarar sýningar og óska Listasafni Reykjavíkur og forráðamönnum þess til hamingju með hana og það fræðslu- og kynningarstarf sem henni fylgir, allt er þetta til þess fallið að sýna fram á möguleika myndlistarinnar í samfélaginu og það er frábært út af fyrir sig. Sýningin hefði svo aldrei tekist án styrktaraðila og óskandi að þeir sem þetta styrktu sjái mikilvægi þess að koma fleiri íslenskum listamönnum á kortið. Forsetafrúin okkar hefur hér komið fram á óvæntan hátt í sambandi við þessa sýningu og veitt íslenskum listamönnum stuðning við að koma list sinni á framfæri með því að vera milliliður milli þeirra og erlendra blaðamanna og sýningarstjóra sem hingað hafa komið í sambandi við þessa sýningu. Framtak hennar er lofsvert en sýnir um leið hversu hlálegt ástandið er í kynningarmálum íslenskra listamanna. Nú verða ráðamenn að fara að taka þetta mál alvarlega, því Dorrit getur þetta varla ein.

Það er ljóst að ekki aðeins verður þessi sýning til þess að opna augu margra hér á landi fyrir möguleikum myndlistarinnar í dag heldur verður hún án efa til þess að hjálpa íslenskum listamönnum á einhvern hátt við að koma sér á framfæri. Ólafur er Björk íslenskra myndlistarmanna.

Ragna Sigurðardóttir

Seyma

Stórútsala

Efni í allan fatnað

35-50% afsláttur

Seyma Laugavegi 71, sími 551 0424

MENNINGARBORGARSJÓÐUR
LISTAHÁTÍÐ Í REYKJAVÍK

MENNINGARBORGARSJÓÐUR AUGLÝSIR EFTIR UMSÓKNUM

Árið 2001 stofnuðu menntamálaráðherra og borgarstjórinn í Reykjavík sérstakan sjóð sem ber heitið Menningarborgarsjóður og hafa falið Listahátíð í Reykjavík umsýslu hans. Hlutverk sjóðsins er að stuðla að fjölbreytilegu menningarstarfi um allt land, í framhaldi af menningarborgarárinu.

HÉR MEÐ ER AUGLÝST EFTIR UMSÓKNUM UM STYRKI FYRIR ÁRIÐ 2004.

Auglýst er eftir umsóknum til:

- **Nýsköpunarverkefna á sviði lista.**
- **Menningarverkefna á vegum sveitarfélaga á landsbyggðinni.**
- **Menningarverkefna fyrir börn og ungt fólk.**

Jafnframt verður úthlutað til verkefna á sviði menningartengdrar ferðaþjónustu.

Umsóknum skal fylgja:

LÝSING Á VERKEFNINU
Lögð skal fram greinargóð lýsing á verkefninu, umfangi þess og markmiðum.

TÍMA- OG VERKÁÆTLUN
Gerð skal grein fyrir undirbúningi, áætlaðri framvindu verksins og verklokum. Verkefni skal lokið innan árs frá úthlutun.

UPPLÝSINGAR UM HELSTU AÐILA
a) Lagðar skulu fram upplýsingar um helstu aðila sem að verkefninu standa og gerð grein fyrir þætti þeirra í verkefninu.
b) Einnig skal greint frá staðfestum samstarfsaðilum, stofnunum og fyrirtækjum sem að verkefninu koma og þeirra þætti í því.

FJÁRHAGSÁÆTLUN
Tilgreina skal tekjur og gjöld verkefnisins, framlag samstarfsaðila og fjárhæð sem sótt er um.

Ef umsókn fylgja ekki ofangreindar upplýsingar verður hún ekki tekin til greina.

Athugið
Styrkir eru veittir til verkefna. Ekki eru veittir styrkir til almenns rekstrar, byggingaframkvæmda, tækjakaupa, námskeiðahalds og ferða.

Umsóknarfrestur er til 17. febrúar 2004 og verður öllum umsóknum svarað. Úthlutað verður í mars.

Umsóknir skal senda til Listahátíðar í Reykjavík, pósthólf 88, 121 Reykjavík, merktar: Menningarborgarsjóður.

KB BANKI
Máttarstólpi Listahátíðar í Reykjavík

Allar nánari upplýsingar eru veittar á skrifstofu Listahátíðar í Reykjavík, Lækjargötu 3b, 101 Reykjavík, sími 561 2444, fax 562 2350, artfest@artfest.is, www.listahatid.is

Rannsóknarstofnun fiskiðnaðarins

BÆTT ARÐSEMI Í LANDVINNSLU
KYNNINGARFUNDUR Á HÓTEL KEA, AKUREYRI

Skaginn

Áður boðuð kynning Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins og Skagans hf. á fyrstu niðurstöðum í rannsóknaverkefninu **„Áhrif roðkælingar á gæði fiskflaka“**, verður haldin mánudaginn 19. janúar á Hótel KEA, Akureyri, kl. 13:00-15:00.

Dagskrá:
- **Kynning á tilurð verkefnisins,**
  Sigurður Guðni Sigurðsson framkvæmdastjóri Skagans hf.
- **Staða verkefnisins og helstu niðurstöður geymsluþolsrannsókna,**
  Emilía Martinsdóttir, deildarstjóri Rf.
- **Mælingar á nýtingu, hitastigi og afurðaskiptingu hjá Tanga hf. Vopnafirði,**
  Þorvaldur Þóroddsson, sjávarútvegsfræðingur Rf.
- **Uppbygging roðkælivinnslulínunnar,**
  Einar Brandsson, Skaganum hf .
- **Ávinningur og reynsla af roðkælingu,**
  Einar Víglundsson framleiðslustjóri Tanga hf. Vopnafirði.
- **Fyrirspurnir og umræður.**

Hagsmunaaðilar eru hvattir til að mæta og kynna sér verkefnið. Nánari upplýsingar um fundina má fá í síma 430 2008 (Skaginn hf.) og í síma 530 8646/863 8013 (Rf).